

Pési



Lesið þetta

- Vorið góða
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Leikskólinn
- Kvenfélagið

Næsti Pési kemur
13. júní Skil á efni er
10. júní

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Borað eftir heitu vatni	4
Efni í Pésa?	7
Eldri Hruna- menn	9
Gönguleiða kort	17
Smárafréttir	19
Bílaþvotta dagur	21

Maí 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 216. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Tilfærsla á Litlu – Laxá

Að undanförunu hefur verið unnið að undirbúningi á að breyta árfarvegi Litlu-Laxár. Enn er þó eftir að grjótvörja bakka til þess að hindra landrof en ein af ástæðum þess að ráðist var í þessa framkvæmd er landrof en auk þess verður þarna kærkomið svæði fyrir hestamenn og útivistarfólk. Greinilegt er að fólk hefur áhuga fyrir þessari framkvæmd því mikið er um að gangandi vegfarendur skoði framkvæmdirnar. Á þessu stigi er ekki hægt að segja hvenær ánni verður veitt í nýjan farveg en líklegt er að það gerist í næstu eða þarnæstu viku. Fyrirhleðslusjóður Landgræðslunnar tekur þátt í kostnaði vegna þessarar framkvæmdar.



Mótmælalísti vegna lokunnar bankans afhentur

Ljósm. SigSigm



Byggingaframkvæmdir við Reiðhöllina Myndin tekin 11 maí sl

Ljósm. SigSigm

Vorið góða grænt og hlýtt

Það er skemmtileg hefð á Íslandi að minnast sumarsins með sumardegnum fyrsta, þetta er ekki gert meðal annarra þjóða, hins vegar breytist tíminn í Evrópu í svokallaðan sumartíma síðustu helgina í mars og er þess vegna tveggja tíma mismunur á Íslandi og flestum Norður-löndum. Það eru margar skemmtilegar hefðir sem við höfum í hátíðarhöldum á Íslandi. Sem dæmi má nefna að haldið er uppá sjómannadaginn í sjávarbyggðum fyrstu helgina í júní. Ég átti skólasystkini sem voru úr sjávarbyggðum sem skildu ekkert í því að við sveitamennirnir héldum ekki uppá sjómannadaginn. Verslunarmenn halda uppá verslunarmannahelgina þó margir þeirra vinni þá helgi. Hvernig er með bændur er ekki tímabært að halda alvörubóndadag sem tengist þó ekki þorra? Er ekki kominn tími til þess að hafa sérstaka helgi íslenskra bænda. Hvernig væri að efna til slíkrar hátíðar t.d. hérna á Flúðum? Þetta gæti um leið verið uppskeruhátíð garðyrkjunnar þar sem sólbrúnir bændurnir kynni framleiðsluvöru sína eins og vín-bændurnir gera út í Evrópu. Hér gæti orðið um kynningu á hinum heilnæmu landbúnaðarvörum sem verða til hér í hreppnum þar sem gæðin eru eins og allra best gerist á veraldarvísu. Nú er talað um að flytja inn kjötvörur í meira mæli en verið hefur. Gamalt máltæki segir að “sókn sé besta vörnin” – og verða því bændur og afurðastöðvar þeirra að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að kynna og koma á framfæri upplýsingum um heilnæmi þeirrar vöru sem hér er framleidd. Hugmyndirnar um “beint frá býli” eru góðar – nú þurfum við bara að láta hendur standa fram úr ermum og koma þessum hugmyndum til framkvæmda við höfum hér öflug félög um nautgriparékt, sauðfjárrékt svo ekki sé talað um Sölufélag Garðyrkjumanna og Búnaðarfélagið. Hér er spennandi verk að vinna. Hreppsnefnd óskar öllum lesendum Pésans nær og fjær gleðilegs sumars með von um að sumarið megi verða okkur öllum gott og gjöfult.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri

Miklos fer enn einu sinni á kostum

Honum Miklos Dalmay er ekki fisjað saman. Nú hefur hann tekið sig til og samið fjölbreytileg og skemmtileg lög við texta eftir Gylfa Þorkelsson frá Laugarvatni. Forsmekkinn af þessari lagasmíð hefur mátt heyra á tónleikum Karla-kórs Hreppamanna að undanfögnu. Miklos mun einnig semja sönglög við texta sunnlenskra skálda og hefur fengið styrk til þess frá Menningarráði Suðurlands. Glöggir menn hafa séð að sérstakur glampi kemur í augu karlanna þegar lagið Vinirnir saman er sungið. Aldrei þessu vant áttu þeir í óvenju litlum vandræðum með að læra textann enda fjallar hann m.a.um áhugamál þeirra margra.

Lögreglan stóð sig vel

Í síðasta mánuði var brotist inn í tölvuver Flúðaskóla, þar sem ó-prúttir þjófvar stálu tölvum og tölvuskjáum. Þjófavarnarkerfið kom að góðum notum sem varð til þess að styggð kom að þessum kumpánum en höfðu þó á brott með sér ýmsan varning. Lögreglan á Selfossi kom úr fleiri en einni átt og handsömuðu þjófana sem völdu þá leið að aka upp sveitina. Þetta var vel af sér vikið af lögreglunni. Sumt af góssi þjófanna skemmdist en við erum tryggð fyrir atburðum sem þessum og mun tryggingarfélagið bæta okkur skaðann. Hins vegar fer ýmiskonar vísdómur fyrir bí þegar tölvum er stolið. Í mörgum tilfellum ómetanleg vitneskja.

Borað eftir heitu vatni

Hannibal veitustjóri sem fagnaði hálfra aldar afmæli í síðasta mánuði hefur ekki misst flugið þó hann sé nú kominn á sextugsaldurinn. Hann er einstakur áhugamaður um heita vatnið okkar og nú hefur hann ásamt vísindamönnum staðsett nýja borholu í landi Kópsvatns. Þar eru líka einstakir áhugamenn um heita vatnið. Þannig hefur Bjarni bóndi á Kópsvatni ýtt mjög á okkur um að hefja borun í landi hans. Þeir bræður eru mjög samfélagslega sinnaðir og telja að samfélagið eigi að njóta þeirra hlunninda sem landið þeirra gefur. Þetta eru göfugar hugsjónir og er íbúar Hrunamannahrepps þakklátir þeim bræðrum fyrir velvild og áhuga fyrir verkefninu.

Námskeið fyrir útlendinga

Um 11% íbúa Hrunamannahrepps eru með erlent ríkisfang. Þeir vinna flestir við garðyrkjustörf og standa sig í langflestum tilfellum mjög vel. Tungumálið er alltaf talsverður farartálmi. Seinnipart vetrar hefur Fræðslunet Suðurlands staðið fyrir Íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga. Mikill áhugi hefur verið fyrir þessum námskeiðum og árangur góður Það er myndarlegt þegar fyrirtæki greiða fyrir sitt fólk á námskeiðum. Georg Ottósson framkvæmdastjóri Flúðasveppa átti mikinn þátt í því að koma þessum námskeiðum á koppinn og á hann hrós skilið fyrir það.

Fyrirlesarinn Elín Jóna

Elín Jóna Traustadóttir hélt merkilegan fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri á dögunum þar sem hún kynnti kennsluáætlanir og starfsemi tölvukennslu í Flúðaskóla. Mjög góður rómur var gerður að fyrirlestrinum og er hægt að nálgast hann á netinu á slóðinni 3f.is. Elín Jóna kennir ekki einungis ungu kynslóðinni á leynda galdra tölvunnar heldur er hún með námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands þar sem hún kennir eldra fólk alla þessa galdra. Þésinn hvetur fólk til þess að nýta sér þessi námskeið því tölvun er mikið undraapparat sem vert er að kunna á og er ekki eins flókið tæki og margir halda. Elín Jóna mun fara í ársleyfi frá Flúðaskóla næsta skólaár og fara að vinna sem kerfisstjóri hjá TRS á Selfossi.

Póstmenn í heimsókn

Tveir fulltrúar Íslandspósts mættu hér rétt fyrir mánaðarmót til þess að kynna á hvern hátt þeir þjónusta Hrunamannahrepp þegar Kb kaupþing hættir formlegri starfsemi hér á Flúðum. Hugmyndir fulltrúa Íslandspósts eru í þá veru að útburðarmaðurinn og landpósturinn taki við sendingum . En þær upplýsingar hafa borist að landpósturinn Jón Gunnlaugsson muni sjá um allar póstsendingar og móttöku þeirra í Hrunamannahreppi. Fulltrúar póstsins munu kynna fyrirkomulag pósthjónustunnar fyrir íbúum áður en langt um líður. Þegar fulltrúar Íslandspósts mættu á staðinn var þeim fært mótmælaskjal þar sem um 400 íbúar höfðu ritað nöfn sín .

Varasöm gatnamót

Þau eru hættuleg gatnamótin við Verslunina Samkaup Strax. Allt of margir gera sér ekki grein fyrir aðalbrautarrétti á þessum stað. Upp- sveitabændur hafa beðið ritstjóran að minna sérstaklega á þetta.

Námsleyfi

Skólastjórinn okkar fer í eins árs námsleyfi á næsta skólaári. Þá fer Sjöfn Sigurðardóttir á Hverabakka í námsleyfi á næsta skólaári. Það er ánægjulegt þegar fólk er að bæta við sig í menntun og kemur tvíeft til baka til kennslu. Skólinn okkar og starfið innan hans skiptir sam- félagið miklu máli.

Hjálmar hundafangari

Hjálmar Gunnarsson Bolvíkingurinn knái hefur tekið að sér að fanga lausa hunda á Flúðum í fjarveru Sólbergs Viðarssonar. Greinilegt er að hundaeigendur taka reglugerðinni vel því Hjálmar hefur einungis handsamað einn hund frá því að reglugerðin tók gildi. Ekki verður upp gefið hver átti hundinn en hann er á ný í góðum höndum.

Bakkatúnsvegurinn enn á dagskrá.

Eins og áður hefur komið fram hefur Vegagerðin sagt sig frá samn- ingum um vegalagningu á svokölluðum Bakkatúnsvegi sem er í raun tengivegur við byggingu væntanlegra íbúða fyrir aldraða og býlin þar í grenndinni. Vegagerðin hafði samið við hluta af landeigendum vegna lagningar vegarins, þó með þeim fyrirvara að allir landeigendur fái hlutfallslega sömu bætur fyrir landið sem fer undir veginn. Hrepps- nefnd hefur því tekið við málinu á nýjan leik og haldið fundi með þeim eigendum lands sem enn hafa ekki samið um bætur fyrir landið.

Hreppsnefnd hefur falið Helga Jóhannessyni, lögmanni að sjá um samningaviðræður f.h. Hrunamannahrepps, samningsgerð eða eigna- nám ef að málið þróast á þann hátt sem vonandi verður ekki. Tilboð Vegagerðarinnar í landið f.h. Hrunamannahrepps var kr. 1.088.000 í hektarann. Gagntilboð mun væntanlega berast innan tíðar. Öll skipu- lagsvinna varðandi vegagerðina hefur farið alla leið í gegnum skipu- lagskerfið og mikið er þrýst á hreppsnefnd að koma þessum málum áfram svo hægt verði að hefjast handa við byggingu íbúða fyrir aldraða en þau áform hafa verið lengi í burðarliðnum. Félag eldri Hrunamanna hefur oftast en einu sinni ályktað vegna þessa.

Kalli var enn léttstígari í fyrra

Það er margur skemmtilegur húmoristinn hér í hreppnum. Hér eru líka einstakir ungmennafélagar og keppnismenn. Þannig er talað um að menn sjái það á göngulagi Karls Gunnlaugssonar hvort honum hefur gengið vel í briddsspilamennskunni eða ekki, eða á golfvellinum. Kalli getur altént verið léttstígur þetta árið því hann vann 5 af 7 bikurum sem keppt var um í briddsinu– hann stóð sig þó enn betur í fyrra því þá nældi hann sér í sjötta bikarinn. Þá var hann víst enn léttstígari. Hann og félagi hans Jóhannes Sigmundsson sem líka er einstakur félagsmála - og keppnismaður eru farnir að sveifla kylfunum og er talið að þeir stefni að því að fara holu í höggi þetta árið.

Orlof sveitarstjóra

Sveitarstjórinn er í orlofi til 27. maí n.k. Talið er að það sé verið að rannsaka í honum framsóknargenin sem eru í augnablikinu enn sjaldgæfari en þau voru. Spurningin er bara hvort takist að viðhalda þeim í karlinum eða hvort þau lognist útaf. Sérfræðingar telja hinsvegar að seiglan í framsóknargenunum sé einstök og karlinn komi tvíefldur til baka.

Hvaðan kemur efnid í Pésann

Stundum er talað um að ritstjórinn sé að hygla að mönnum og mál-efnum í skrifum sínum í Pésann. Einhverjum, þó fáum, þykir nóg um skrif hans um Karlakórinn sem hann syngur sjálfur í en gleymi jafnvel einhverjum öðrum. Körlunum í karlakórnum þykir hins vegar að allt of lítið sé fjallað um þann kór í Pésanum. Þannig að það er erfitt að gera öllum til geðs. Megnið af efninu í Pésann kemur eftir ábendingar frá íbúunum. Það er um að gera fyrir þá sem vilja koma upplýsingum á framfæri að koma þeim upplýsingum til ritstjórans. Við minnum líka á að allar fundargerðir hreppsnefndar koma alltaf daginn eftir fund á heimasíðu hreppsins www.fludir.is. Markmið skrifanna er að upplýsa og reyna að létta mönnum lund.

Aldarafmæli ungmennafélagsins

Ungmennafélag Hrunamanna varð hundrað ára í síðasta mánuði. Í gegnum tíðina hefur verið mikið og gott starf hjá UMFH. og margur Hrunamaðurinn öðlast þroska og þrótt við þátttöku í félagsstarfinu hvort heldur er í íþróttum, leiklist eða öðrum félagsmálum. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps óskar félögum í Ungmennafélagi Hrunamanna hjartanlega til hamingju með afmælið með ósk og von um að starfið megi eflast og dafna.

Uppskeruhátíð uppsveitakóra

Uppsveitasystur riðu á vaðið með tónleikahaldi kóranna okkar nú í vor. Þær héldu tónleika um miðjan apríl. Þá hélt Karlakór Hreppamanna einnig lokatónleika sína í apríl og tónleikar Vörðukórsins voru í byrjun maí. Þá héldu Vörðukórinn og Karlakór Hreppamanna sameiginlega tónleika í Njarðvíkum 3. maí s.l. Mjög góður rómur var gerður að tónleikum allra þessara kóra og má vart á milli sjá hver þeirra er bestur. Hver þeirra hefur sín einkenni. Víst er að hér er örugglega um Íslandsmet ef ekki heimsmet í fjölbreytni í sönglífi að ræða en í uppsveitum Árnassýslu búa um 2500 manns.

Golfvöllur Ásatúns verður opinn frá 08:00-22:00 alla daga vikunnar. Golfskálinn verður opinn frá 16:00-20:00 mánudaga til fimmtudaga. Föstudaga og laugardaga verður opið frá 09:00-21:00, sunnudaga frá 09:00-20:00 nema um annað sé samið.

Tökum á móti hópum í grillveislur og fleira

Vantar starfsmann í veitingasölu í sumar

Upplýsingar gefur Guðbjörg í s: 486 6683 eða 898 6683

Hinn árlegi kökubasar Foreldrafélags Leikskólans Undralands verður á Vorsýningunni þann 30. maí
Kökubasarsnefnd

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Nú þegar vetrarstarfinu á Heimalandi er lokið taka við úti-
vistartímar. Annan hvorn þriðjudag er farið á púttvöllinn á
Seli kl. 10:30, en hinn þriðjudaginn er farið í gönguferð. Er
þá mætt á bílastæðinu austan við Félagsheimilið kl. 13:30.
20. maí er gönguferð en 27. maí verður farið í púttið, og svo
áfram í sumar.

Verum nú dugleg að taka þátt í útivistinni

Kær kveðja

Göngunefndin, Sigga og Dísa

Kvennaútreiðartúr 19. júní

Hittumst við Hrunaafleggjara klukkan 17:00. Ríðum upp hjá Þver-
spyrnu og komið niður hjá réttum.

Endað á að borða á Kaffi Grund.

Konur takið daginn frá!

Kveðja nefndin

Orðsending til bænda frá Sláturfélagi Suðurlands.

Allur Yara áburður verður kominn til landsins í þessari viku.

Nægar birgðir fyrir sumarið.

Þá er rúlluplastið að koma í sölu.

Nánari upplýsingar hjá Jóhönnu á Hrafnkelsstöðum

Sími: 486 6687

Til sölu 4 sumardekk lítið notuð.

Firestone 165/70/14 Verð 3.000 stk.

Upplýsingar í síma 486 6606 eða 893 6606

Taktu þér tak með Herbalife.

Hringdu og fáðu frían prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892 6728



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Margt skrítið og skemmtilegt er búið að bralla í leikskólanum í vetur. Við höfum farið í ýmsar vettvangsferðir, heimsóknir, fengið heimsóknir og unnið á skapandi hátt úr þeim efnivið sem við höfum aflað í ferðum okkar ásamt þeim gullum sem rekið hafa á fjörur okkar. Viljum við nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu sem hafa komið færandi hendi með gull í poka og gefið leikskólanum. Sýning á afrakstri vetrarvinnunnar verður haldin í leikskólanum Undralandi **föstudaginn 30. maí frá kl:16.00-18.00**. Þessi sýning hefur gengið undir nafninu Þemasýning en þar sem við erum ekki að nota orðið „þema“ í leik og starfi lengur var ákveðið að kalla þennan viðburð **Vorsýningu** og eru allir velkomnir í leikskólann að líta á verk barnanna. Foreldrafélagið verður með kökubasar í leikskólanum á meðan sýningu stendur, í fyrra fengu færri en vildu. Tilvalið er að enda vikuna á að mæta á þennan menningaviðburð og njóta listarinnar sem hinir ungu listamenn hafa skapað og krækja sér í köku. Vorsýningin er hluti af menningu og hefðum leikskólans og uppskeruhátíð barnanna.

Krakkar nú er um að gera að bjóða pabba og mömmu, systur og bræðrum, öfum og ömmum, frænkum og frændum að koma og sjá að hverju þið eruð búin að vera að vinna að í vetur.

Klukkan fimm (17.00) syngja leikskólabörnin nokkur lög fyrir foreldra og aðra gesti.

Sumarfrí og umsóknir

Sumarfrí verður frá 1.júlí til og með 11. ágúst.

Starfsdagur er 12. ágúst og hefst leikskólinn aftur 13. ágúst.

Foreldrar athugið:

Vinsamlega sækið um vistun fyrir næsta haust fyrir 1.júní.

Vistunar- og dvalarreglur eru aðgengilegar í leikskólanum og á heimasíðunni undraland.is.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í leikskólanum.

Skráning er skipulögð af leikskólástjóra.

Lágmarksvistun eru fjórir samliggjandi dagar með sama vistunartíma.

Ef foreldrar vilja breyta vistunartímanum látið vita fyrir 1.júní.

Vistunartímar leikskólans

4 tíma vistun. 8:00-12:00

4 tíma vistun. 9:00-13:00

5 tíma vistun. 8:00-13:00

6 tíma vistun. 8:00-14:00

7 tíma vistun. 9:00-16:00

8 tíma vistun. 8:00-16:00 eða 9:00-17:00

9 tíma vistun. 8:00-17:00

Gjaldskrá Undralands 2008

	Vistun 1 dag í viku	Vistun 5	Forgangs- hópar Vistun 1 dag í viku.	Vistun 5 daga í viku.
1 klst	547	2.735	410	2.051
4 klst	2.188	10.941	1.641	8.206
5 klst	2.735	13.676	2.051	10.257
6 klst	3.282	16.412	2.462	12.309
7 klst	3.829	19.147	2.872	14.360
8 klst	4.376	21.882	3.282	16.412
9 klst	4.923	24.617	3.693	18.463

Matarkostnaður á dag: Morgun- og síðdegishressing 75 kr. Hádegismatur 185 kr.

Annað barn 25% afsláttur, þriðja barn 100% afsláttur, forgangshópar 25% afsláttur.

Hægt er að kaupa aukavistun hjá deildar- aðstoðar- og leikskólastjóra, ef mannaflí leyfir, þá kostar hver klukkustund 175 kr.

Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Viljum minna á tækjaleigu Búnaðarfélagsins.

Samþykkt var á Aðalfundi að setja á 5.000 kr hreinsunargjald á tækjum sem skilað er skítugum. Minnum sérstaklega á að skila hestakerrunni hreinni þar sem hún fer landshluta á milli.

Nánari upplýsingar og pantanir hjá Aðalsteini í síma 898-1591 Sigurði 894-1130 og Sigurjóni 893-5212

Verðskrá	
Ýta	8.500 á tímann
Flutningsgjald ýtu	5.000 á ferðina
Kornskurðarvél	15.000 á tímann
Komugjald	12.500 á kornskurðarvél
Kornvals	2.700 á tímann
Pinnatætari	1.800 á tímann
Plógar, 5 skeri	2.000 á tímann
Plógar	1.500 á tímann
Haughræra	4.000 á tímann
Steypuvél	2.000 á dag
Steypuvél	50 á pokann
Loftunarrípper	1.000 á dag
Loftpressa	2.000 á dag
Kalkdreyfari	400 á tonn
Haugsuga	2.500 á fyrstu 20 tímana
Haugsuga	2.000 á alla tíma eftir það
Flaghefill	2.000 á dag
Sturtukerra	1.800 á fyrstu 20 tímana
Sturtukerra	1.400 á alla tíma eftir það
Valtari	1.200 á hektara
Ruddasláttuvél	1.000 á tímann
Diskaherfi	1.900 á tímann
Fjaðraherfi	2.500 á tímann
Slóðaherfi	1.000 á tímann
Hestakerra	2.000 á 0.5 dag
Hestakerra	4.000 á dag
Hestakerra	8.000 utansveitar

Frá Bókasafni Hrunamanna.

Vinsamlegast athugið að frá og með 15. maí tekur gildi sumaropnunartíminn sem er:

Mánudaga Kl. 20-21
Priðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18

Á bókasafninu er tölva fyrir almenning tengd Internetinu.
Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Alltaf eitthvað nýtt í hverri viku.

Verið hjartanlega velkomin.

Sími : 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Kæru sveitungar.

Nú er sumarið vonandi komið, túnin orðin græn og trén að byrja að laufgast.

Þá finnst okkur í Umhverfisnefndinni enn meiri ástæða til að hvetja fólk til tiltekta.

Við bíðum auðvitað spennt eftir árlegum rusladegi en vitanlega eru allir dagar góðir til að týna upp rusl og fegra okkar falletgu sveit.

Að gefnu tilefni viljum við koma því á framfæri, að umgengni á rúllu-plasti frá bændum sem safnað hefur verið að undanfögnu hefur verið mjög góð. Plastið vel frágengið og til þess að gera hreint, en það er forsenda fyrir því að vel takist til með endurvinnslu.

Svo minnum við á netfangið okkar umhverfi@fludir.is, þar er fínt að koma ábendingum á framfæri, til dæmis hver ætti að fá umhverfisverð-launin á ár.

Gunnlaugur, Þórunn og Magga.

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá

Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-

hreppur

Með von um gott samstarf Starfsfólk Flúðaleiðar



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 15:30-21:00

Föstudaga: 13:00-20:00

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 13:00-18:00

Sunnudaga: 13:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

HRYSSEUEIGENDUR!!

Bragur verður í girðingu í Túnsbergi í sumar og tekur glaður á móti nokkrum hryssum. Þar sem hann er ungur að árum verður fjöldinn takmarkaður sem fær að dvelja með honum.

Bragur er undan Rökkva frá Hárlaugsstöðum og Stöku frá Litlu Sandvík, þau hafa bæði gefið af sér hin sæmlegustu hross.

Bróðir hans Hljómur 2ja vetra verður líka í girðingu í Túnsbergi. Hann fær líka að spreyta sig, en þó með enn færri merar. Hann er undan glæsihestinum Ægi frá Litlalandi.

Þeir sem hafa áhuga hafi samband við Gunnar í síma 893 8058 eða Möggu í síma 849 0546.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Fördun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Gönguleiðakort í Hrunamannahreppi

Undanfarin ár hefur verið unnið að gerð gönguleiðakorts fyrir Hrunamannahrepp. Nú er vinnsla kortsins á lokastigum og áætlað að það komi út í júní næst komandi.

Við vinnu korta er nauðsynlegt að sem flestir komi að því til að allar upplýsingar á kortinu séu réttar. Þegar hefur töluverður hópur fólks skoðað kortið og leiðrétt örnefni og gönguleiðir.

Það er hins vegar nauðsynlegt að sem flestir fái tækifæri til að koma með athugasemdir og mun eintak af kortinu því liggja frammi á skrifstofu Hrunamannahrepps.

Þeir sem vilja gera athugasemdir við örnefni eða staðsetningu gönguleiða skilji vinsamlegast eftir skriflegar athugasemdir á hreppsskrifstofunni fyrir 23. maí.

Með bestu kveðjum

Ferða-menningar og æskulýðsnefnd

**Tek að mér að fella tré
og grisja garða og sumarhúsalóðir**

Áratugareynsla frá skógrækt ríkisins.

Bergur í sínum 486 6103 eða 893 6103



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Vorfundur verður haldinn sunnudaginn 1. júní.

Í tilefni af átaki Kvenfélagasambands Íslands um aukna hreyfingu og bætta heilsu, ætlum við að brjóta fundinn upp og hafa sannkallaðan vordag. Byrjum upp úr hádegi og bjóðum upp á hreyfingu og fjör fram eftir degi. Nánar auglýst með dreifibréfi. Takið daginn frá!

Með vor og sumarkveðju.

Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Smárafréttir



Úrtaka fyrir Landsmót verður haldin dagana 7-8 júní á Gaddstaðflötum með sama snið og undanfarið, nánar auglýst síðar. Minnum á íþróttamótið sem verður þann 17 maí með hestamannafélögunum Loga og Trausta í Hrísholti.

Reiðhallarbyggingin er risin og er vinna við hana í fullum gangi, vinnan hefur að langmestu leyti verið sjálfboðavinna félagsmanna og er það frábært og þakkarvert hversu áhuginn er mikill hjá fólki að koma húsinu upp. Framkvæmdir við nýjan völl félagsins eru einnig í gangi og ganga vel, við komum til með að sjá frábært svæði fyrir okkur á Lambatanganum þegar allt verður komið.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútu-
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



Bílavottadagur á Flúðum!

Fjáröflun hjá verðandi 10. bekk Flúðaskóla vegna Danmerkurferðar í ágúst.

Fimmtudaginn 22. maí n.k. ætla krakkarnir að taka að sér að þvo og bóna bíla og traktora jafnt utan sem innan við áhaldahúsið á Flúðum, Sneiðin 1
frá kl. 09:00 – 14:00.

K Verð: 5000,- fólksbíll - 7000,- jeppi - 10.000,- traktor K

Endilega pantið tíma hjá Sigrúnu á Kotlaugum fyrir 20. maí í síma 486-6759 eða 864-5213. Nú er um að gera að notfæra sér þessa góðu þjónustu og mætum sem flest með fararskjótana og styrkjum þau í leiðinni.

Nefndin.

Dósirnar góðu!

Fjáröflunin fyrir ferðina til Danmerkur hjá verðandi 10. bekk í Flúðaskóla verður í fullum gangi í sumar og dagana fyrir 11. júní og 6. ágúst munu krakkarnir koma á bæi og athuga hvort eitthvað hafi fallið til af áldósum og flöskum sem þau mættu fá og ef einhver vill losna við eitthvað á öðrum tímum þá endilega hafið samband við eitthvert þeirra og við höfum þá trú að brugðist verði skjótt við!

Einnig ætla þau að selja eldhús- og WC pappír í stórum pakkningum nú á vordögum.

Við þökkum innilega góðan stuðning sem eykur enn tilhlökkun þeirra,
því þetta verður ævintýri.

Nefndin

Skemmtilegt starf með öldruðum

Laust starf í Hrunamannahreppi

Um er að ræða hlutastarf og/eða sumarafleysingar

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- ^a Almenn þrif
- ^a Aðstoð við aldrað fólk
- ^a Veita stuðning og hvatningu
- ^a Aðstoð við persónulega umhirðu
- ^a Hvetja til sjálfshjálpar

Vera vakandi yfir andlegri og líkamlegri líðan þjónustuega

Helstu hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni til að starfa sjálfstætt


Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af heimilisstörfum

Þarf að hafa bíl til umráða

Nánari upplýsingar gefur Nanna Mjöll Atladóttir félagsmálastjóri,
Heilsugæslan, Laugarási, sími 480-8800


Sauðburður í
sveitinni
Ljósm
SigSigm.

Anna María
Magnúsdóttir
í Haukholtum



Þorvaldur
Logi Einars-
son
í Miðfelli





Göngu-leiðakort í Hrunamannahreppi. Kortið er til sýnis á skrifstofu Hrunamannahrepps